

Mál nr. 392/2020**M og
V v/ slysatryggingar eiganda ökutækisins X****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðarslyss 15. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot mótttekið 20. nóvember 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 4. desember 2020.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M var farþegi í sinni eigin bifreið (X) þegar þeirri bifreið var ekið aftan á aðra bifreið á Strandgötu í Hafnarfirði. Í skýrslunni er haft eftir ökumanni bifreiðar X að hann hafi ekki vitað hversu hratt hann ók bifreiðinni X þegar hann tók eftir því að bifreið fyrir framan hann var hellað og hafi hann þá ekið aftan á þá bifreið. Haft er eftir ökumanni þeirrar bifreiðar að hún hafi stöðvað bifreið sína til að hleypa gangandi vegfarendum yfir götuna þegar bifreið hafi komið á mikilli ferð aftan á hennar bifreið. Haft er eftir vitni í sömu skýrslu að bifreiðinni X hafi verið ekið hratt fyrir áreksturinn.

M telur aðallega að hún eigi óskertan bótarétt úr slysatryggingu eiganda sem farþega bifreiðarinnar X hjá V og vísar til þess að hún sé ung að árum og hafi ekki haft frumkvæði að því að réttindalaus ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið henni. Ekki sé hægt að leggja háttsemi hennar að jöfnu við háttsemi ökumannsins sjálfs og M telur að ekki séu orsakatengsl milli hennar háttsemi og þess tjóns sem hún varð fyrir.

V telur að sú háttsemi M að hafa falið réttindalausum ökumanni akstur bifreiðar sinnar og þess að hún var ekki í bílbelti til stórkostlegs gáleysis. Einnig vísar V til þess að M og ökumaður bifreiðarinnar hafi verið kærustupar. Orsakatengsl hafi verið milli þeirrar háttsemi slyss hennar og með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 telur V rétt að takmarka ábyrgð sína um 50%.

Álit.

Af lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að M hafi falið ökumanni sem ekki hafi nokkurn tíma öðlast ökuréttindi akstur bifreiðar sinnar X, en enginn má stjórna bifreið án ökuréttinda, sbr. 1. mgr. 48. gr þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Verður ekki annað séð af gögnum málsins en að þau tengsl hafi verið milli M og ökumannsins að hún hafi mátt vita af réttindaleyfinu og verður þannig að meta þessa háttsemi M til stórkostlegs gáleysis. Ekki liggur fyrir í málinu að ökumaður bifreiðarinnar hafi haft þá reynslu af akstri að máli skipti þegar M fól honum akstur bifreiðar sinnar. Ekki er hins vegar hægt að leggja til grundvallar að háttsemi hins réttindalausar ökumanns við aksturinn sjálfan geti haft bein áhrif á mat á stórkostlegu gáleysi M. Sök hennar telst því ekki eins mikil og ökumannsins, en vátryggingaratburður þó í beinu samhengi við það að hún fól réttindalausum ökumanni akstur bifreiðar sinnar. Hefur slík háttsemi þau áhrif skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga að V getur takmarkað ábyrgð sína um fjórðung. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu eiganda bifreiðar X en V getur takmarkað ábyrgð sína um 25% af heildartjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum sem nema 75% af heildartjóni sínu úr úr slysatryggingu eiganda bifreiðar X hjá V.

Reykjavík, 12. janúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.